

## **Samningur um innleiðingu hugmyndafræði Réttindaskóla við starfsstöðvar**

Í meðfylgjandi samningi skuldbinda skólastjórar Grandaskóla, Hagaskóla, Melaskóla, Vesturbæjarskóla, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjörninn og framkvæmdastjóri UNICEF á Ísland sig til að vinna saman að innleiðingu Réttindaskóla UNICEF á Íslandi skólaárið 2018-2019. Skólastjórar og framkvæmdastjóri skuldbinda sig til að sýna verkefninu áhuga og verja tíma og fjármunum til þess að laga starfsemi skólans og frístundamiðstöðvarinnar að vinnulíkaninu, með það að markmiði að gera réttindi barna að hornsteininu skóla- og frístundastarfs. Framkvæmdastjóri UNICEF skuldbindur samtökin til að veita skólunum og frístundamiðstöðinni þá ráðgjöf og stuðning sem þarf til að sinna verkefninu.

### **Við innleiðingu Réttindaskólans hafa stjórnendur skóla- og frístundastarfs eftirfarandi hlutverk:**

- Að skipa einn til tvo umsjónarmenn verkefnisins.
- Útbúa ásamt umsjónarmanni tímaáætlun fyrir hverja önn þar sem gert er ráð fyrir eftirfarandi:
  - o Fræðslu um Barnasáttmálann fyrir kennara og annað starfsfólk skóla, frístundaleiðbeinendur, börn og ungmenni, forráðamenn og aðra tengda aðila.
  - o Einum réttindaviðburði þar sem börn og ungmenni ásamt kennurum og frístundaleiðbeinendum vekja athygli á réttindum barna.
  - o Gerð stöðumats skólans, aðgerðaáætlun og endurskoðun jafnréttisáætlunar skólans.
- Tryggja að réttindaráð sé sett á laggirnar og að þeir starfsmenn og börn sem þar starfi fái tíma til að taka þátt í fundum þess. Gert er ráð fyrir einni klukkustund á viku frá upphafi verkefnisins.
- Í samstarfi við réttindaráðið: ákvarða tímaramma til að framkvæma stöðumat á stofnuninni og í framhaldi af því semja aðgerðaáætlun.
- Samþykkja aðgerðaáætlun.
- Gera aðgerðaáætlun skólans sýnilega og tryggja að henni sé dreift meðal hagsmunaaðila í samstarfi við réttindaráðið.
- Tryggja áhrifaleiðir barna og ungmenna (í gegnum réttindaráðið eða með öðrum óformlegri leiðum).
- Tryggja að þau börn og ungmenni sem valin eru í réttindaráðið fái stuðning við þau störf; að þau fái frí til að sinna starfi sínu og tækifæri til að vinna upp tapaðar kennslustundir.
- Tryggja að starfsfólk fái bæði þann tíma og upplýsingar sem það þarf til að starfa að innleiðingu verkefnisins.
- Tryggja að aðgerðaáætluninni sé fylgt eftir.
- Tryggja úttekt og mat á aðgerðaáætluninni.
- Fara yfir stefnu, viðmið og markmið skóla- og frístundastarfs með tilliti til þess hvort þau séu í samræmi við Barnasáttmálann.

**Við innleiðingu Réttindaskólans hefur UNICEF á Íslandi eftirfarandi hlutverk:**

- Að fylgja innleiðingu verkefnisins eftir.
- Halda námskeið og fræðslufundi með starfsfólki skóla- og frístundastarfs með reglulegu millibili, í samræmi við handbók Réttindaskóla.
- Eiga reglulega samráðsfundi með umsjónarmönnum og réttindaráði.
- Veita starfsfólki skóla- og frístundastarfs þá ráðgjöf og stuðning sem þörf er á.
- Gefa út handbók Réttindaskóla og aðstoða starfsfólk við að tileinka sér aðferðafræði verkefnisins.
- Taka út verkefnið í lok skólaárs og meta hvort skóla- og frístundastarf er tilbúið til að hljóta viðurkenningu Réttindaskóla UNICEF.

**Undirskrift**

Nafn skóla: Melaskóli

Nafn skólastjóra: Björgvin Þór Þórhallsson

Undirskrift skólastjóra \_\_\_\_\_

Dagsetning \_\_\_\_\_

Nafn skóla: Grandaskóli

Nafn skólastjóra: Örn Halldórsson

Undirskrift skólastjóra \_\_\_\_\_

Dagsetning \_\_\_\_\_

Nafn skóla: Hagaskóli

Nafn skólastjóra: Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir

Undirskrift skólastjóra \_\_\_\_\_

Dagsetning \_\_\_\_\_

Nafn skóla: Vesturbæjarskóli

Nafn skólastjóra: Margrét Einarsdóttir

Undirskrift skólastjóra \_\_\_\_\_

Dagsetning \_\_\_\_\_

Nafn frístundamiðstöðvar Tjörnin

Nafn framkvæmdastjóra: Guðrún Kaldal

Undirskrift forstöðumanns \_\_\_\_\_

Dagsetning \_\_\_\_\_

Fyrir hönd UNICEF á Íslandi

Undirskrift framkvæmdarstjóra \_\_\_\_\_

Dagsetning \_\_\_\_\_